

Athugasemd vegna Rammaáætlunar

Herdís Helga Schopka [herdis.schopka@gfz-potsdam.de]

Sent: 7. maí 2012 19:05

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég, Herdís Helga Schopka, kt. 200274-5209, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið á Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er við rætur höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn.

Jarðfræði Reykjanesins er einstök á heimsmaelikvarða. Það er með ólíkindum að ekki hafi þetta svæði verið friðað að fullu enn, þó vissulega sé Reykjanesfólkvangur rós í hnappagat umhverfisverndar á landinu. Ég vil hins vegar ganga mun lengra: Eldfjallagarður á Reykjanesi er mín krafa. Slíkur garður myndi draga að sér ógrynni fröðleiksfúsra ferðamanna, jafnt íslenska sem erlenda, og myndi tryggja varðveislu hinnar einstæðu náttúru svæðisins um ókomna framtíð. Sambærilegur eldfjallagarður á Hawai'i laðar árlega að milljónir gesta sem verða að ferðast flugleiðis í að minnsta kosti 5 klukkustundir og greiða fúlgur fjár fyrir. Það er engin ástæða til að eldfjallagarður á Reykjanesi gæti ekki orðið jafnvel heppnaður og eldfjallagarðurinn á Hawai'i, enda stórkostleg náttúra hér jafnt sem þar. Að auki búum við að því að vera nú orðið nánast í alfaraleið milli Evrópu og N-Ameríku.

Sem doktor í jarðefnafræði tel ég mig þess að auki umkomna að tjá mig um endingarmöguleika svæðanna - en augljóst er að nýting háhitasvæða til orkuframleiðslu á Íslandi er og hefur nánast alltaf verið ósjálfbær. Frekar ætti þar að ræða um námuvinnslu en sjálfbæra orkunýtingu. Sú orkunýting sem fyrirsjáanleg er á Reykjanesi gengur því í berhögg við stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun og væri í raun stórkostlegt skref aftur á bak í umhverfisverndarmálum á Íslandi. Að auki veldur nýting svæðanna loftmengun og vandkvæðum við förgun affallsvatns, sem eru langt í frá smávægileg.

Virðingarfyllt,
Herdís Helga Schopka
Jarðefnafræðingur
kt. 200274-5209

Herdís Helga Schopka
Postdoctoral Researcher
GFZ Research Centre for Geosciences
Section 3.4, Earth Surface Geochemistry
Telegrafenberg, C 427
D-14473 Potsdam
Phone: +49 331 288-28729
Fax: +49 331 288-2852
Mail: herdis.schopka@gfz-potsdam.de